

Aðalfundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis 2015

haldinn 15. október 2015 kl. 20:00 í sal Lundarskóla

Dagskrá

Á dagskrá voru almenn aðalfundarstörf auk þess sem ný hverfisnefnd var myндуð og fráfarandi nefndarmeðlimum þökkun vel unnin störf.

Fundargestir voru aðeins 5 talsins og fór því fundurinn fram á óformlegum nótum þar sem fráfarandi formaður, Svala Björnsdóttir, las upp úr skýrslu stjórnar 2015 og renndi yfir helstu erindi sem hafa komið á borð nefndarinnar á liðnu ári og stiklaði á þeim atriðum sem eru í burðarliðnum:

- Enn eru að berast til okkar kvartanir vegna vanefnda bæjaryfirvalda vegna ýmissa atriða við Dalsbraut. Við höfum því lagst yfir stöðuna og í framhaldinu fóru athugasemdir til skipulagsnefndar Akureyrarbæjar varðandi Dalsbrautarmál.
 - Við lögðum mikla áherslu á að syðri gangbrautarljós yrðu framkvæmd þar sem við trúum því að ljósin virki ekki sem skyldi nema bæði séu sett upp þar sem þau eiga að hafa áhrif á hvort annað. Það sem við fengum í framhaldinu var að það var settur upp hraðanemar sem hafa þann tilgang að hægja á umferð þegar nálgast er ljósin. Einnig voru sett upp 30 km merki. Við vildum fá ljósin frágengin og stíg frá þeim meðfram Heiðarlundi 8 upp í Heiðarlundinn eða Lundarskóla. Það var of dýrt og fór aldrei á fjárhagsáætlun. Við óskuðum hins vegar eftir að þessi atriði yrðu sett á fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Við höfum sent inn athugasemdir um Dalsbrautina en engin svör hafa borist, það virðist vera að ekki sé mikill áhugi á að svara fyrirspurnum um götuna.
- Við höfum haldið áfram að senda inn athugasemdir til bæjaryfirvalda:
 - Lýsing á stíg ofan Eikarlundar og yfir í jólasveinabrekku. Stendur til að fara á fjárhagsáætlun en ekki vitað hvenær.
 - Fá blikkandi ljós við gangbraut á Dalsbraut sunnan Skógarlundar. Fengum þau svör að við gangbrautina sé sérstök gangbrautarlýsing ásamt þremur umferðarmerkjum.
 - Sikk sakk hlið við sömu gangbraut. Var sett í vor.
 - Ljós norðan Skógarlundar á Dalsbraut verði sett upp. Ekki svarað.
 - Lóð Bjarkarlundar 2. Lóðin var tyrft í sumar.
 - Mikill umferðarhraði á Dalsbraut sunnan Skógarlundar. Ekki svarað.
 - Báðum um skilti á Þingvallastræti sem vísar leiðina að Lundarskóla, okkur var einungis þakkað fyrir ábendinguna.
 - Hægri rétturinn er áberandi í gerðahverfi 2, beðið var um biðskyldur áætlað var að setja upp skilti sem ítreka hægri réttinn og er það stefna bæjarins í hverfum að hægri rétturinn muni gilda.
 - Hröð umferð í Grenilundi. Ekki svarað.
 - Hröð umferð í Akurgerði auk umferðar stórra fyrirtækisbíla. Bíðum svara.
 - Gerð hringtorgs við gatnamót Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar. Ráðast á í framkvæmdir við hringtorg 2016

Fjármál og framkvæmdir

Nefndin fékk 2 milljónir til ráðstöfunar til umhverfismála í hverfinu. Við lögðum strax upp með að kaupa grillhús og útbúa grill og allt sem því tilheyrir og ætlunin var að vígja grillið á Akureyrarvöku en þá áttum við von á áframhaldandi lautarferð líkt og árið 2014. Mikill seinagangur er í kerfinu og um tíma virtist ekki ganga upp að fá grillhús, það sem við fundum var aðeins of stórt. Við vorum komin með önnur plön sem gengu út á skjólvegg því ekki vildum við gleyma grillhugmyndinni alveg. Það var í síðustu viku sem okkur hlotnaðist loksins jákvæð svör og við megum kaupa húsið. Í dag vænti ég þess að búíð sé að panta húsið og allt sé komið á skrið hjá okkur.

Á síðasta ári voru keyptar körfuboltakörfur, sterkar og góðar, sem áttu að koma upp á lóð Lundarskóla og skúrarnir áttu að fara í sumar. Það gekk ekki eftir en viðræður eru milli skólastjóra Lundarskóla og fasteigna um að koma niður vellinum aðeins austar á planinu. Gera góðan körfuboltavöll. Vonum síðan að eitthvað fari að gerast í þessum málum.

Hafin er vinna á stíg í gegnum trjálund frá horni við Tjarnarlund og inn á lóðina vestan við Lundarskóla. Setja á lýsingu þar líka.

Við báðum líka um að farið yrði í að laga eða endurgera sparkvöll sem er staðsettur í gerðahverfi 2, það virðist ekki vera að ganga eftir.

Nú þurfum við að fylgjast með hve kostnaðurinn verður endanlega fyrir þessar framkvæmdir svo við getum þá bætt við fyrir áramót.

Umræður

Aðeins einn íbúi hverfisins mætti til fundar fyrir utan nefndarmeðlimi. Sá hafði ekki áhuga á því að taka sæti í nýmyndaðri hverfisnefnd en vildi ræða um öryggismál við Dalsbrautina en eins og kemur fram í skýrslu stjórnar hér að ofan þá hefur hverfisnefndin sent inn athugasemdir varðandi Dalsbrautarmálin en þær hafa fengið dræmar undirtektir af hálfu skipulagsnefndar bæjarins.

Fráfarandi nefndarmeðlimir, Svala Björnsdóttir og Þorberg Þorbergsson, luku formlega störfum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis skipa nú:

Ingólfur Helgason
Anna Krístrún Sigurpálsdóttir
Martha Laxdal
Davíð Þór Óskarsson
Eva Dögg Fjölnisdóttir
Guðrún Fanney Júlíusdóttir

Þar sem 3 meðlimir nýrrar hverfisnefndar komust ekki á aðalfundinn verður kosið í stöður innan nefndarinnar á næsta fundi sem haldinn verður í nóvember – nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 21:00

Fundargerð ritaði,

Martha Laxdal